

Stjórnandahandbók

með viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum leiðbeiningum
Fourth Edition
Third Printing
Part No. 145356IS

AWP™ Super Series™

Mikilvægt

Mikilvægt er að notendur kynni sér vel allar öryggisreglur og notkunarleiðbeiningar áður en þeir byrja að nota þessa vél. Aðeins því starfsfólki sem hlotið hefur viðeigandi þjálfun og hefur tilskilin réttindi er heimilt að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hringja í Genie.

Efnisyfirlit

Bls.

Öryggisreglur 1
Stjórntæki 8
Skýringartexti 9
Skoðun fyrir notkun 10
Viðhald 12
Virknipróf 15
Skoðun á vinnusvæði 18
Notkunarleiðbeiningar 19
Leiðbeiningar um hleðslu rafgeymis 21
Leiðbeiningar um flutning 22
Leiðbeiningar um halla 25
Límmiðar 28
Tæknilýsing 32

Hafa samband:

Internet: http://www.genielift.com
Tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Höfundarréttur © 1996 Terex Corporation

Fjórða útgáfa: Þriðja prentun, júní 2014

„Genie“ og „AWP“ eru skrásett vörumerki Terex South Dakota í Bandaríkjunum og öðrum löndum. „Super Series“ er vörumerki Terex South Dakota.

CE Í samræmi við EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

♻ Prentað á endurunninn pappír L

Prentað í Bandaríkjunum

Öryggisreglur



Hætta

Sé leiðbeiningum og öryggisreglum þessarar handbókar ekki fylgt getur það valdið alvarlegum meiðslum eða dauða.

Notkun bönnuð nema:

☑ Notandi læri og æfi sig í öruggri notkun véla eins og lýst er í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en farið er í næsta kafla.

2 Kannið vélina ávallt fyrir notkun.

3 Prófið ávallt virkni vélarinnar fyrir notkun.

4 Kannið vinnusvæðið.

5 Aðeins skal nota vélina til þess sem hún er ætluð.

☑ Notandi lesi, skilji og hlýði leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Notandi lesi, skilji og hlýði öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Notandi kynni sér vel og fylgi öllum lögum og reglum sem við eiga.

☑ Notandi hafi hlotið viðeigandi þjálfun í öruggri notkun vélarinnar.

☑ Í fyrsta sinn sem þessi vél er sett upp til notkunar er öndunarlok uppsett. Sjá kaflann um skoðun fyrir notkun.

ÖRYGGISREGLUR

Hætta á raflosti

Þessi vél, jafnvel að viðbættum trefjaglerspalli, er ekki einangruð frá rafmagni og veitir ekki vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.





Ekki snerta vélina ef hún snertir raflínur með straumi á eða verður rafhlaðin. Starfsmenn á jörðu niðri eða á palli mega hvorki snerta né nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Haltu öruggri fjarlægð frá raflínum og raftækjum í samræmi við gildandi reglur og eftirfarandi töflu.

Straumur Fasi til fasa	**Lágmarks örugg fjarlægð til nálgunar Metrar**
0 til 300 V snertingu	Forðast skal
300 V til 50 kV	3,05
50 kV til 200 kV	4,60
200 kV til 350 kV	6,10
350 kV til 500 kV	7,62
500 kV til 750 kV	10,67
750 kV til 1000 kV	13,72

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflu raflínu eða svignun og hreyfingu raflínu vegna sterks vinds eða roks.

Ekki nota vélina sem jarðtengingu við rafsuðu.

Ekki nota riðstraumsknúna vél eða hleðslutæki jafnstraumsrafgeymis nema notuð sé þriggja víra jarðtengd framlengingarsnúra tengd við jarðtengda riðstraumsrafrás. Ekki breyta eða afvirkja þriggja víra jarðtengdar klær.

Hætta á veltu

Ekki lyfta pallinum nema undirstaðan sé lárétt, allir fjórir stoðfæturnir rétt upp settir og hæðartjakkarnir í traustri snertingu við jörðina.

Ekki lagfæra eða fjarlægja stoðfæturna á meðan einhver er á pallinum eða hann á lofti.

Ekki færa vélina á meðan pallurinn er á lofti.





Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri eða efni nema því sé dreift jafnt og starfsmaður á pallinum geti meðhöndlað það á öruggan hátt.

Ekki lyfta pallinum nema vélin sé lárétt. Ekki stilla vélinni upp á yfirborði þar sem ekki er hægt gera hana lárétta með því að nota eingöngu hæðartjakkana.





Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Hámarks leyfilegur hliðarkraftur
ANSI/CSA
222 N

Hámarks leyfilegt handvirkt átak
ANSI/CSA
200 N



Ekki nota vélina nálægt þverhnípi, holum, ójöfnum, braki, óstöðugu eða sleipu yfirborði eða öðrum mögulega hættulegum aðstæðum.

Ekki breyta eða aftengja íhluti vélarinnar sem kunna að hafa áhrif á öryggi og stöðugleika hennar.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika með hlutum af annarri þyngd eða tæknilýsingu. Notið aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Ekki ýta Genie AWP þeim megin sem pallurinn er.

Þegar vélin er flutt á gaffallyftara eða öðru flutningsökutæki ætti pallurinn að vera alveg niðri, slökkt ætti að vera á vélinni og enginn starfsmaður á pallinum.

Ekki nota vélina á yfirborði eða farartæki sem er hreyfanlegt eða á hreyfingu.

ÖRYGGISREGLUR

ANSI/CSA-gerðir: Ekki lyfta bómunni þegar vindhraði kann að fara yfir 12,5 m/s. Ef vindhraði fer yfir 12,5 m/s þegar bóman er á lofti skal láta hana síga og hætta notkun vélarinnar.

CE/AUS gerðir með staðlaðri undirstöðu og utandyrastoðfótum: Ekki lyfta bómunni þegar vindhraði kann að fara yfir 12,5 m/s. Ef vindhraði fer yfir 12,5 m/s þegar bóman er á lofti skal láta hana síga og hætta notkun vélarinnar.

CE/AUS gerðir með staðlaðri undirstöðu og innandyrastoðfótum: Notist aðeins innandyra. Ekki lyfta bómunni þegar vindhraði kann að fara yfir 0 m/s. Ef vindhraði fer yfir 0 m/s þegar bóman er á lofti skal láta hana síga og hætta notkun vélarinnar.

CE/AUS gerðir með Narrow eða RT undirstöðu: Notist aðeins innandyra. Ekki lyfta bómunni þegar vindhraði kann að fara yfir 0 m/s. Ef vindhraði fer yfir 0 m/s þegar bóman er á lofti skal láta hana síga og hætta notkun vélarinnar.





Ekki nota vélina í sterkum vindi eða vindhviðum. Ekki stækka yfirborð pallsins eða hleðslu hans. Ef yfirborð sem tekur á sig vind er stækkað dregur það úr stöðugleika vélarinnar.

Starfsfólk, tækjabúnaður og efni skal ekki fara umfram hámarksgetu pallsins.

Hámarksburðargeta	
AWP-20S	159 kg
AWP-25S	159 kg
AWP-30S	159 kg
AWP-36S	159 kg
AWP-40S	136 kg
Hámarksfjöldi manna	1 maður

Fallhætta



Handriðið veitir vörn gegn falli. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnarbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnarbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.

Ekki sitja, standa eða klifra á handriði pallsins. Standið ávallt tryggilega á gólfi pallsins.

Ekki fara af pallinum á meðan hann er á lofti. Ef orkuskortur verður skal láta starfsfólk á jörðu niðri virkja handvirka lækkunarlokann.

Gætið þess að laust efni liggi ekki á pallinum.

Láttu miðteininn í hliði pallsins síga fyrir notkun.





Árekstrarhætta

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.



Aðgætið hvort hindranir eða önnur hugsanleg hætta sé í lofti.

Gætið að hættu á að merjast þegar tekið er um handrið pallsins.

Ekki lækka pallinn nema hvorki séu hindranir né starfsfólk á svæðinu fyrir neðan.

Notið heilbrigða skynsemi og skipulagningu til að stjórna hreyfingum vélarinnar í eða nálægt halla.

Ekki standa nærri lækkandi palli.

Hætta vegna rangrar notkunar

Ekki skilja vélina eftir eftirlitslausa nema lykillinn sé fjarlægður, til að koma í veg fyrir óheimila notkun.

Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.

Sprengihætta og eldhætta

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie IWP Super Series.

Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merkið strax og takið úr notkun skemmda eða bilaða vél.

Ekki nota vélina sem jarðtengingu við rafsuðu.

ÖRYGGISREGLUR


Öryggi rafgeymis og hleðslutækis - Jafnstraumsgerðir

Brunahætta

Rafgeymar innihalda sýru. Ávallt skal nota hlífðarfatnað og augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.







Forðist að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Hlutleystu rafgeymasýru sem kann að fara niður með matarsóda og vatni.

Rafgeymapakkinn verður að haldast í uppréttri stöðu.

Sprengihætta



Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas. Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeyminum.

Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.

Ekki aftengja jafnstraums-úttaksleiðslur hleðslutækis frá rafgeyminum þegar hleðslutækið er í gangi.

Hætta á raflosti



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda riðstraumsrafrás.

Ekki hafa rafgeymi eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Fyrir hverja notkun skal athuga með skemmdir. Endurnýjaðu skemmda íhluti fyrir notkun.

Lyftihætta

Rafgeymirinn vegur 40,8 kg. Notaðu viðeigandi fjölda fólks og rétta lyftitækni þegar rafgeyminum er lyft.

Myndskýring límmiða

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörun – notuð til að vara við mögulegri hættu á slysum á fólki. Fylgdu öllum öryggisboðum með þessu merki til að koma í veg fyrir möguleg slys eða dauða.



Rauður – notaður til að benda á tilvist yfirvofandi hættuástands sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.



Appelsínugulur – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.



Gulur með öryggisviðvörunartákni – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti valdið lítilsháttar eða frekar alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við því.




Gulur án öryggisviðvörunartákns – notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til eignaskemmda ef ekki er brugðist við því.




Grænn – notaður til að benda á notkunar- eða viðhaldsupplýsingar.

Stjórntæki


Samlæsingarskjár - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir



Stjórntæki á jörðu niðri - Loftaflsgerðir




Stjórntæki palls



1 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
2 Lykilrofi
3 Skjáljós samlæsingar stoðfóta (fjögur)
4 Viðvörunarljós rafgeymis fyrir aðstoðarlækkun
5 Jafnstraumsgerðir: Viðvörunarljós fyrir rafgeymi
6 Aflljós
7 Varahnappur fyrir lækkun palls
8 Loftþrýstingsmælir
9 Virkjunarrofi stýringar
10 Upp/niður rofi

Skýringartexti



1 Lyftiauga
2 Riðstraumsgerðir: Útsláttarrofi
3 Geymsluhólf fyrir stoðfætur
4 Splitti fyrir hallagrind í gróp fyrir þrýstipinna
5 Þrýstistöng
6 Snúningslás
7 Hallagrind
8 Flutningafesting
9 Snúningskefli fyrir flutninga
10 Lyftaragöt
11 Stillihnappur fyrir loftleiðslusmyrjara
12 Loftinntak vélarinnar
13 Loftleiðslusmyrjari
14 Jafnstraumsgerðir: Rafgeymapakki með hleðslutæki
15 Vökvaaflseining
16 Spil-/bindipunktur
17 Hallamál
18 Undirstaða
19 T-handfang sem rennur til
20 Festing fyrir dragreipi
21 Riðstraumsúttak
22 Stjórntæki palls
23 Geymsluhólf fyrir stjórnendahandbók
24 Handvirkur lækkunarloki (undir vél)
25 Gróp fyrir stoðfót undirstöðu
26 Stoðfótur með hæðartjakki
27 Láspinni stoðfótar
28 Pallur
29 Miðteinn eða hlið palls
30 Riðstraumsgerðir: Aflgjafi fyrir vél Jafnstraumsgerðir: Rafmagn til palls
31 Stjórntæki á jörðu niðri
32 Mastur

Skoðun fyrir notkun

Notkun bönnuð nema:

☑ Notandi læri og æfi sig í öruggri notkun véla eins og lýst er í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

2 Kannið vélina ávallt fyrir notkun.

Kynnið ykkur skoðun fyrir notkun áður en farið er í næsta kafla.

3 Framkvæmið alltaf virkniprófanir fyrir notkun.


4 Kannið vinnusvæðið.

5 Aðeins skal nota vélina til þess sem hún er ætluð.

Öndunarlok - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir

Skemmdir verða á íhlutum ef vélin er notuð án öndunarloks. Gætið þess að öndunarlokið sé á sínum stað í vökvageyminum.

AWP-36 & AWP-40: Í fyrsta sinn sem þessar vélar eru settar upp til notkunar verður að fjarlægja rörtappann í vökvageyminum, undir rafgeymahlífinni, og setja varanlegt öndunarlok í staðinn.



Öndunarlokið fylgir með og má finna það í umslagi sem límt er við mastrið, nærri stjórntækjum pallsins.

Grundvallaratriði

Það er alfarið á ábyrgð notanda að skoða vélina fyrir notkun og sinna reglubundnu viðhaldi.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun sem notandi sinnir fyrir hverja vakt. Skoðunin er hönnuð til að greina hvort eitthvað gæti verið að vélinni áður en notandinn gerir virkniprófanir á henni.

Skoðun fyrir notkun er einnig ætlað að ákvarða hvort þörf er á reglubundnu viðhaldi. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðið listann á næstu síðu og merkið við hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins tæknimenn með tilskilin réttindi mega sinna viðgerðum á vélinni, eins og tilgreint er af framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður að endurtaka -skoðun fyrir notkun áður en farið er í virkniprófin.

Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda og í samræmi við kröfur sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðun fyrir notkun

- ❏ Gangið úr skugga um að notenda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og til staðar í geymsluhólfi pallsins.
- ❏ Tryggið að allar merkingar séu til staðar og læsilegar. Sjá hlutann um límmiða.
- ❏ Kannið hvort rafgeymavökvi leki og hvort hann sé nægur. Bætið eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Rið- og jafnstraumsgerðir: Athugið með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Gerðir með RT undirstöðu: Athugið loftþrýsting í dekkjum. Bætið í lofti ef þörf er á. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Loftaflsgerðir: Athugið olíustöðuna í loftleiðslusmyrjaranum. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Loftaflsgerðir: Athugið dreypihraða í smurhylki. Lagfærið eins og þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❏ Loftaflsgerðir: Athugið hylki fyrir loftsíu/loftstút. Tappið af vatni eftir þörfum. Sjá kafla um viðhald.

Kannið hvort eftirfarandi íhlutir eða svæði eru skemmd, rangt sett í eða hvort hluti vantar eða óheimilar breytingar hafi verið gerðar:

- ❏ Rafmagnsíhlutir, vírar og rafmagnssnúrur
- ❏ Rið- og jafnstraumsgerðir: Vökvaaflseining, slöngur, tengi og tjakkur
- ❏ Loftaflsgerðir: Loftaflseining, loftslöngur, tengi og tjakkur
- ❏ Miðteinn eða hlið palls
- ❏ Raðkaplar og trissur
- ❏ Lyftikeðjur og lausahjól
- ❏ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❏ Masturssúlur og mótvægi
- ❏ Öndunarlok
- ❏ Stoðfætur, hæðartjakkar og stuðningsfætur
- ❏ Stillanlegir rennipúðar
- ❏ Festipunktar fyrir dragreipi
- ❏ Viðvaranir og ljós (ef til staðar)

Athugið alla vélina með tilliti til:

- ❏ Dælda eða skemmda
- ❏ Tæringar eða ryðmyndunar
- ❏ Sprungna í suðum eða burðareiningum

- ❏ Kannið og hreinsið rafgeymapóla og allar tengingar rafgeymakapals.
- ❏ Gætið þess að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.

Viðhald

Athugið og farið eftir:

- ☑ Notandi skal aðeins annast þær hefðbundnu viðhaldsaðgerðir sem tilgreindar eru í þessari handbók.
- ☑ Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda og í samræmi við kröfur sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.
- ☑ Fargið efni í samræmi við opinberar reglugerðir.

Skýringartexti tákna

TIL ATHUGUNAR Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsaðgerðar gefur það til kynna merkinguna að neðan.

Táknar að verkfæri séu nauðsynleg við þessa aðgerð.

Táknar að nýir varahlutir séu nauðsynlegir við þessa aðgerð.

Rafgeymirinn athugaður - Jafnstraumsgerðir

Viðunandi ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og örugga notkun. Rangt magn vökva eða skemmdir kaplar og tengi geta valdið skemmdum á íhlutum og hættuástandi.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægið alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á líkamstjóni Rafgeymar innihalda sýru. Forðist að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Hlutleysið rafgeymasýru sem kann að fara niður með matarsóda og vatni.

TIL ATHUGUNAR Framkvæmið þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeyminn.

1 Notið hlífðarfatnað og augnhlífar.

2 Fjarlægið öndunarlokin af rafgeyminum.

3 Athugið stöðu rafgeymasýru. Ef þörf er á skal fylla með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörs rafgeymisins. Yfirfyllið ekki.

4 Setjið öndunarlokin á.

Glussaolíustaða athuguð

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt einingar í vökvakerfinu. Dagleg skoðun gerir skoðunarmanni kleift að greina breytingar á magni olíu sem bent geta til bilunar í vökvakerfi vélarinnar.

1 Gætið þess að pallurinn sé í lægstu stöðu.

2 Athugið hæðarstöðumælinn á hlið vökvageymisins.

⊙ Niðurstaða: Glussaolíustaðan ætti að vera sýnileg á miðjum hæðarstöðumælinum. Yfirfyllið ekki.

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando HD eða ígildi þess

Olíustaða í loftleiðslusmyrjara athuguð - Loftaflsgerðir

Til að vélin starfi vel og sé örugg í notkun þarf að viðhalda réttri olíustöðu í smurhylkinu. Sé þess ekki gætt að olíustaðan sé viðunandi gætu notkunarskilyrði orðið óörugg og íhlutir skemmst.

1 Gætið þess að pallurinn sé í lægstu stöðu.

2 Kannið olíustöðuna í smurhylkinu.

⊙ Niðurstaða: Olían verður að vera minnst 12,7 mm frá efri brún smurhylkisins.

3 Til að bæta á olíu er smurhylkið fjarlægt og fyllt með olíu. Því næst er því komið fyrir aftur á sínum stað.

Tæknilýsing á olíu	
Olíugerð	10W vélarolía fyrir bíla

Loftþrýstingur í dekkjum athugaður - gerðir með RT undirstöðu

Það er nauðsynlegt að viðhalda réttum þrýstingi í öllum loftdekkjum. Rangur þrýstingur í dekkjum getur haft áhrif á meðhöndlun vélarinnar.

1 Athugið hvert dekk með loftþrýstingsmæli. Bætið á lofti eftir þörfum. Réttur loftþrýstingur er stimplaður á dekkið.

VIÐHALD

Dreypihraði í smurhylki athugaður - Loftaflsgerðir

Til að vélin starfi vel og sé örugg í notkun þarf að viðhalda réttum dreypihraða í smurhylkið. Sé það ekki gert gætu íhlutir vélarinnar skemmst.

1 Þegar pallinum er lyft þarf að skoða hæðarstöðumæli smyrjarans.

⊙ Niðurstaða: Það ættu að vera að hámarki 1 til 2 olíudropar sýnilegir í hæðarstöðumælinum.

2 Til að laga dreypihraðann skal snúa stjórnlokanum réttsælis til að draga úr rennslinu og rangsælis til að auka það.

3 Endurtakið þar til réttum dreypihraða er náð.

Hylki fyrir loftsíu/loftstút athugað - Loftaflsgerðir

Nauðsynlegt er að tappa vatni af hylki loftsíu/loftstúts til að tryggja góða virkni og endingu loftmótors. Vatnsfyllt hylki gæti leitt til lélegrar virkni loftmótors og áframhaldandi notkun gæti valdið skemmdum á íhlutum.

1 Athugið hvort vatn hafi safnast upp í hylkinu fyrir loftsíu/loftstút.

2 Ef vatn er sjáanlegt skal losa afrennslistappann neðan á hylkinu og láta vatnið renna af.

3 Herðið afrennslistappann.

Reglubundið viðhald

Viðhald sem sinnt er ársfjórðungslega, árlega og annað hvert ár skal sinnt af einstaklingi sem hlotið hefur þjálfun og tilskilin réttindi til að sinna viðhaldi á þessari vél í samræmi við verkferla sem lýst er í þjónustuhandbók vélarinnar.

Vélar sem ekki hafa verið í notkun í meira en þrjá mánuði verða að gangast undir ársfjórðungslega skoðun áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Virkniprófanir



Notkun bönnuð nema:

☑ Notandi læri og æfi sig í öruggri notkun véla eins og lýst er í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

2 Kannið vélina ávallt fyrir notkun.

3 Framkvæmið alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekkið og skiljið virkniprófanirnar áður en farið er í næsta kafla.

4 Kannið vinnusvæðið.

5 Aðeins skal nota vélina til þess sem hún er ætluð.

Grundvallaratriði

Virkniprófin eru hönnuð til að greina bilanir áður en vélin er notuð. Notandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur tæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðla framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófanir áður en vélin er tekin í notkun.

VIRKNIPRÓF

Virknipróf

Uppsetning

1 Staðsetjið vélina á traustu, láréttu yfirborði beint fyrir neðan tilvonandi vinnusvæði.

2 Tengið við viðeigandi aflgjafa:
Jafnstraumsgerðir: Tengið rafgeymapakkann.
Riðstraumsgerðir: Tengið við jarðtengdan 15 A riðstraumsaflgjafa. Notið 12 gauge/3,3 mm^2 þriggja víra jarðtengda framlengingarsnúru, ekki lengri en 13 m.
Loftaflsgerðir: Tengið loftleiðsluna.


3 Setjið lykilinn í og kveiktu á stjórntækjum pallsins.

4 Togið rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.


5 Snúið til að losa rauða neyðarstöðvunar-hnappinn á stjórntækjum pallsins.

⊙ Niðurstaða: Rið- og jafnstraumsgerðir: Aflljósið ætti að kvikna.
Loftaflsgerðir: Loftþrýstingur á mæli ætti að vera 5,5 - 7,8 bör.

6 Veljið stoðfót og rennið honum inn í grópina á undirstöðunni þar til læsipinni stoðfótar smellur á sinn stað. Lagfærið stoðfótinn til að stilla af halla vélarinnar og lyftið hjólum undirstöðunnar lítillega frá jörðu. Réttið vélina af með því að nota einungis stoðfæturna.





7 Athugið samlæsingar-skjáljósin á stjórn-tækjunum á jörðu niðri. Staðfestið að samsvarandi ljós logi.



8 Gerið það sama við alla stoðfæturna sem eftir eru.

9 Notið hallamálið og lagfærið hæðartjakkana þar til undirstaða vélarinnar er lárétt.





Prófun neyðarstöðvunar

10 Ýtið rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjunum á jörðu niðri í af-stöðuna.

11 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður aðgerðin ætti ekki að virka.

12 Ýtið rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins í af-stöðuna.

13 Togið rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.

14 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður aðgerðin ætti ekki að virka.

Samlæsing stoðfóta prófuð

15 Snúið til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður aðgerðin ætti að virka.

16 Skrúfið niður einn hæðartjakk þar til samsvarandi samlæsingarskjáljós slokknar.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður aðgerðin ætti ekki að virka.

17 Færið hæðartjakkinn í fyrri stillingu og athugið hallamálið.

18 Endurtakið þetta fyrir hvern stoðfót.

Varalækkun palls prófuð - Rið- og jafnstraumsgerðir

19 Lyftið pallinum lítillega.

20 Aftengið aflgjafann frá vélinni.

21 Snúið lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

22 Ýtið varahnappi fyrir lækkun palls á stjórntækjunum á jörðu niðri inn.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að lækka.

23 Tengið aflgjafann við vélina.

24 Snúið lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

25 Lyftið pallinum lítillega.

26 Aftengið aflgjafann frá vélinni.

27 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í niður-stöðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að lækka.


28 Tengið aflgjafann við vélina.

Prófun á handvirkri lækkun

29 Lyftið pallinum lítillega.

30 Virkið handvirka lækkunarlokann sem staðsettur er neðst á vökvatjakknum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að lækka.



Skoðun á vinnusvæði



Notkun bönnuð nema:

☑ Notandi læri og æfi sig í öruggri notkun véla eins og lýst er í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

2 Kannið vélina ávallt fyrir notkun.

3 Prófið ávallt virkni vélarinnar fyrir notkun.

4 Skoðið vinnustaðinn.

Þekkið og skiljið hvernig skoða á vinnusvæðið áður en farið er í næsta kafla.

5 Aðeins skal nota vélina til þess sem hún er ætluð.

Skoðun á vinnusvæði

Verið meðvituð um og forðist eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- þverhnípi eða holur
- ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- brekkur sem fara umfram jafnvægisgetu vélarinnar
- óstöðugt eða hált yfirborð
- fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- hættulegar staðsetningar
- ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- vind og veðuraðstæður
- návist óviðkomandi starfsfólks
- aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Grundvallaratriði

Skoðun á vinnusvæði auðveldar notandanum að ákvarða hvort vinnusvæðið leyfi að vélin sé notuð á öruggan hátt. Stjórnandi ætti alltaf að framkvæma slíka skoðun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð notandans að greina og leggja á minnið hættur á vinnusvæðinu og fylgjast svo með þeim og forðast þær á meðan hann færir, setur upp og notar vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun bönnuð nema:

☑ Notandi læri og æfi sig í öruggri notkun véla eins og lýst er í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

2 Kannið vélina ávallt fyrir notkun.

3 Prófið ávallt virkni vélarinnar fyrir notkun.

4 Kannið vinnusvæðið.

5 Notið vélina einungis eins og henni var ætlað.

Grundvallaratriði

Kafli með notkunarleiðbeiningum inniheldur leiðbeiningar um alla þætti notkunar vélarinnar. Það er á ábyrgð notandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í notenda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Notkun vélarinnar til annars en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu er óörugg og hættuleg.

Ef ætlast er til að fleiri en einn noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verður hver notandi að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbókinni. Það þýðir að hver nýr notandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Uppsetning


1 Staðsetjið vélina á traustu, láréttu yfirborði beint fyrir neðan tilvonandi vinnusvæði.


2 Tengið við viðeigandi aflgjafa:
Jafnstraumsgerðir: Tengið rafgeyminn.
Riðstraumsgerðir: Tengið við jarðtengdan 15 A riðstraumsaflgjafa. Notið 12 gauge/3,3 mm^2 þriggja víra jarðtengda framlengingarsnúru, ekki lengri en 13 m.
Loftaflsgerðir: Tengið loftleiðsluna.

3 Setjið lykilinn í og kveikið á stjórntækjum pallsins.

4 Dragið rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum á jörðu niðri út og snúið til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins. Gætið þess að aflljósið logi eða loftþrýstingur á mæli sé 5,5 - 7,8 bör.


5 Setjið stoðfæturna á og lagfærið til að stilla af halla vélarinnar og lyftið hjólum undirstöðunnar lítillega frá jörðu.





6 Gangið úr skugga um að öll fjögur samlæsingarskjáljósin á stjórntækjum á jörðu niðri logi og að allir fjórir stoðfæturnir séu þétt upp við jörðina.

7 Notið hallamálið til að vera viss um að vélin sé lárétt.



Athugið: Ef þörf er á lagfæringu skal athuga hallamálið og samlæsingarskjáinn aftur til að ganga úr skugga um að vélin sé lárétt og að öll fjögur samlæsingarskjáljósin logi.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Neyðarstöðvun

Ýtið rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins eða á stjórntækjum á jörðu niðri inn til að stöðva upp-aðgerðina.


Lyfta og sig palls

1 Togið út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna. Snúið til að losa rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins.

2 Ýtið inn virkjunarhnappi stjórntækja og snúið upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

Handvirk lækkun

1 Virkið handvirka lækkunarlokann sem staðsettur er neðst á vökvatjakknum.



Aðstoðarlækkun palls - Riðstraums- og jafnstraumsgerðir

1 Snúið lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri. Togið rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í á-stöðu.

2 Virkið aðstoðarlækkunarhnapp fyrir pall á stjórntækjunum á jörðu niðri.

Varnir gegn falli

Ekki er þörf á persónuhlífum til að verjast falli þegar þessi vél er notuð. Ef vinnuveitandi eða reglur á vinnustað krefjast notkunar persónuhlífa til að verjast falli á eftirfarandi við:

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Eftir hverja notkun

1 Veljið örugga geymslustaðsetningu – traustan, láréttan flöt, veðurvarinn, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Notið hjólabremsurnar (séu þær til staðar) eða skorðið hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

3 Fjarlægið lykilinn til að koma í veg fyrir óheimila notkun.

4 Jafnstraumsgerðir: Hlaðið rafgeyminn.

Leiðbeiningar um hleðslu rafgeymis



Leiðbeiningar fyrir rafgeymi og hleðslutæki

Athugið og farið eftir:

- ☑ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.
- ☑ Hlaðið rafgeyminn á vel loftræstum stað.
- ☑ Notið rétta spennu til hleðslu, eins og tilgreint er á hleðslutækinu.
- ☑ Notið aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Til að hlaða rafgeyminn

1 Opnið lokið á rafgeymapakkanum til að komast að rafgeyminum.

2 Fjarlægið loftunarlok á rafgeyminum og kannið magn rafgeymasýru. Ef þörf krefur skal bæta aðeins því magni af eimuðu vatni á sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðslu.

3 Setjið loftunarlokin aftur á.

4 Gætið þess að úttakssnúra jafnstraums sé rétt tengd við rafgeyminn.
Svart á mínus, rautt á plús.

5 Tengið hleðslutæki rafgeymis við jarðtengda innstungu.

6 Hleðslutækið slekkur sjálfkrafa á sér þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn.

7 Athugið stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Bætið eimuðu vatni í botn áfyllingarslöngunnar. Yfirfyllið ekki.

Áfylling þurra rafgeyma og leiðbeiningar fyrir hleðslu

1 Fjarlægið loftunarlokin af rafgeyminum og plastinnsiglið af loftunaropunum.

2 Fyllið hverja sellu með rafgeymasýru (rafkleyfu efni) þar til flýtur yfir plöturnar.

Ekki fylla að hámarki fyrr en hleðslu er lokið. Yfirfylling getur valdið því að rafgeymasýra leki út meðan á hleðslu stendur. Hlutleysið rafgeymasýru sem kann að fara niður með matarsóda og vatni.

3 Setjið loftunarlokin aftur á.

4 Hlaðið rafgeyminn.

5 Kannið magn rafgeymasýru þegar hleðslu er lokið. Bætið eimuðu vatni í botn áfyllingarslöngunnar. Yfirfyllið ekki.

Leiðbeiningar um flutning



Leiðbeiningar um flutning

Athugið og farið eftir:

- ☑ Gætið þess að flutningsbifreiðin og flutningsfletir geti borið þunga vélarinnar. Sjá upplýsingar um þyngd vélar á skráningarmiða. Gafllokur sumra pallbíla eru ekki nógu sterkar til að bera þyngd vélarinnar og því gæti þurft að styrkja þær.
- ☑ Ekki setja vélina í flutningabíl nema honum sé lagt á láréttum fleti.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningabílnum svo hann velti ekki á meðan vélinni er lyft á hann.
- ☑ Vélin verður að vera kyrfilega fest við flutningabílinn. Notið keðjur eða ólar af nægilegum styrk.
- ☑ Gættu þess að læsa báðum snúningshjólum á hallagrindinni.
- ☑ Ekki láta vélina hvíla á hallagrindinni við flutning.

Lyftileiðbeiningar

Sá fjöldi fólks sem þarf til að flytja vélina veltur á ýmsum þáttum, þ. á m. en ekki takmarkað við:

- líkamlegu ástandi, afli, fötlun eða fyrri meiðslum viðkomandi fólks
- þeirri lóðréttu og láréttu vegalengd sem fær þarf vélina
- þeim fjölda skipta sem þarf að flytja vélina
- þeirri líkamsstöðu, líkamsbeitingu og tökum sem viðkomandi fólk beitir
- þeirri lyftitækni sem notuð er
- aðstæðum á vinnustað og veðri (t.d. hvort það sé sleipa, hálka eða rigning)

Nota verður viðeigandi fjölda fólks og rétta lyftitækni til að koma í veg fyrir meiðsli.

Ferming fyrir flutning

1 Látið pallinn síga alveg niður.


2 Ýtið rauðu neyðarstöðvunarhnöppunum inn, snúið lykilrofanum í stöðuna slökkt og takið lykilinn úr.

3 Takið stoðfæturna af undirstöðunni og setjið þá í geymsluhólfin.

4 Jafnstraumsgerðir: Takið rafgeymakapalinn úr sambandi og fjarlægið rafgeyminn.


5 Skoðið alla vélina og athugið hvort einhverjir hlutar séu lausir.

6 Rennið flutningafestingunni í efstu læstu stöðu.



a flutningafesting
b snúningskefli

Allar gerðir án hallagrindar




a flutningafesting
b snúningskefli

Allar gerðir án hallagrindar

7 Krækið snúningskeflinu í flutningafestinguna.

8 Hafið vélina samsíða flutningsfletinum. Látið flutning-afestinguna síga og læsið henni í lægstu læsipinnastöðu fyrir ofan flutningsflötinn.




9 Allar gerðir með hallagrind:

Gætið þess að báðir láspinnar flutningafestingarinnar séu fulllæstir.

Gætið þess að bæði snúningshjól hallagrindar séu læst.


10 Rennið út T-handfanginu þar til láspinninn smellur á sinn stað.

11 Lyftið T-handfanginu til að halla vélinni upp á flutningsflötinn. Notið réttan fjölda fólks og rétta lyftitækni.



12 Ýtið vélinni varlega í flutningsstöðu.

13 Færið rennanlega T-handfangið aftur í geymslustöðu.



14 Festið undirstöðu og mastur vélarinnar við flutningsökutækið. Sjá Vélin fest á næstu síðu.

15 Fylgið sama verklagi í öfugri röð til að afferma vélina.


LEIÐBEININGAR UM FLUTNING


Vélin fest

Notið keðjur eða ólar af nægilegum styrk.

Notið að lágmarki tvær keðjur.

Stillið festingarnar til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.





Vélin dregin með spili upp á bíl með opnum palli

1 Látið pallinn síga alveg niður.

2 Ýtið rauðu neyðarstöðvunarhnöppunum inn, snúið lykilrofanum í stöðuna slökkt og takið lykilinn úr.

3 Takið stoðfæturna af undirstöðunni og setjið þá í geymsluhólfin.

4 Skoðið alla vélina og athugið hvort einhverjir hlutar séu lausir.

5 Tengið strenginn við spilpunktinn sem staðsettur er aftan á undirstöðunni.

6 Dragið vélina varlega með spilinu upp á bílinn.

7 Festið undirstöðu vélarinnar við flutningabílinn. Sjá Vélin fest


Vélin sett á með krana

Notið lyftiaugun sem eru á aftari masturssúlu.

Fjarlægja verður rafgeyminn áður en vélinni er lyft með krana. Aftengdu tengið á rafgeyminum áður en hann er fjarlægður.

Gætið þess að skoða vélina og fjarlægja alla lausa eða ófesta hluti.

Setjið ávallt lyftikrókinn í gegnum lyftiaugað þannig að hann snúi frá vélinni.



Leiðbeiningar um halla

Leiðbeiningar um halla

Athugið og farið eftir:

- ☑ Setja verður splittið í til að koma í veg fyrir að gormspennta hallagrindin falli niður.
- ☑ Ekki halla vélinni aftur nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu.
- ☑ Ekki standa á bak við eða undir hallagrindinni þegar henni er lyft eða hún látin síga.

Lyftileiðbeiningar


Sá fjöldi fólks sem þarf til að flytja vélina veltur á ýmsum þáttum, þ. á m. en ekki takmarkað við:

- líkamlegu ástandi, afli, fötlun eða fyrri meiðslum viðkomandi fólks
- þeirri lóðréttu og láréttu vegalengd sem færa þarf vélina
- þeim fjölda skipta sem þarf að flytja vélina
- þeirri líkamsstöðu, líkamsbeitingu og tökum sem viðkomandi fólk beitir
- þeirri lyftitækni sem notuð er
- aðstæðum á vinnustað og veðri (t.d. hvort það sé hálka eða rigning)

Nota verður viðeigandi fjölda fólks og rétta lyftitækni til að koma í veg fyrir meiðsli.

Hallagrind

The Genie AWP Super Series er með hallagrind sem gerir það kleift að renna vélinni í gegnum venjulegar dyragættir. Hallagrindin er staðalbúnaður með AWP-36S og 40S gerðum og valbúnaður með AWP-15S, 20S, 25S og 30S gerðunum. Hallagrindin er ekki fáanleg á vélar með mjórri undirstöðu eða vélar fyrir ójafnt undirlag.



LEIÐBEININGAR UM HALLA


Hallasamstæðan látin síga

1 Gætið þess að svæðið undir vélinni og hallagrindinni sé laust við starfsfólk og hindranir.

2 Látið pallinn síga alveg niður.


3 Takið stoðfæturna af undirstöðunni og setjið þá í geymsluhólfin.


Hallagrindin er gormspennt og fellur samstundis út á við þegar splittið er fjarlægt. Haldið þétt um hallagrindina og fjarlægið splittið.



4 Látið hallagrindina síga og stýrið þrýstistönginni aftur inn í grópina.


5 Setjið haldpinnann inn í grópina.







Vélinni hallað

1 Rennið T-handfanginu út þar til láspinninn smellur á sinn stað.



2 Lyftið vélinni með T-handfanginu í miðhallastöðu.
Hjólin á hallagrindinni eru í snertingu við gólfið og útdregin þrýstistöngin styður við vélina.
Notið réttan fjölda fólks og rétta lyftitækni.





3 Haldið áfram að lyfta þar til þrýstistönginni hefur verið þrýst saman til fulls.


4 Færið rennanlega T-handfangið aftur í geymslustöðu.

Vélin sett aftur í upprétta stöðu

1 Gætið þess að svæðið undir undirstöðu vélarinnar og T-handfanginu sé laust við starfsfólk og hindranir.

2 Rennið T-handfanginu út þar til láspinninn smellur á sinn stað.

3 Togið T-handfangið varlega niður þar til vélin hvílir í miðhallastöðu.





4 Látið vélina síga með T-handfanginu þar til hjól undirstöðunnar eru í snertingu við jörðina. Notið réttan fjölda fólks og rétta lyftitækni.

5 Færið rennanlega T-handfangið aftur í geymslustöðu.

Hallasamstæðan sett í geymslu


1 Fjarlægið splittið.





2 Grípið þétt í hallagrindina og takið þrýstistöngina úr grópinni.

3 Lyftið hallagrindinni, haldið henni í uppréttri stöðu á móti gorminum og festið hana með splittinu.



Límmiðar


Skoðun á límmiðum með orðum á

Kannið hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmið viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Part No.	Description	Quantity
27838	Warning - Tilt-back Hazards/Instructions	1
27839	Label - Sliding T-handle	1
27840	Label - Retaining Pin	1
27841	Label - Stop Bracket	1
27842	Label - Loading Pivot	1
27843	Label - Tilt-back Strut	1
27844	Label - Strut Socket	1
27857	Caution - Pipe Plug	1
27863	Warning - Collision Hazard	3
27864	Notice - Lower Stop Bracket Before . . .	1
27865	Label - Bubble Level	1
27867	Label - Swivel Lock	1
27868	Danger - Relief Valve	1
27872	Danger - Tip-over Hazard, Outriggers	1
27873	Notice - Maintain Firm Grasp	1
27874	Label - Insert Retaining Pin	1
28174	Label - Power to Platform, 230V	2
28235	Label - Power to Platform, 115V	2
28372	Caution - Quick Disconnect	1
31070	Danger - Tip-over Hazard, Moving	1
31071	Warning - Failure to Read	1
31245	Warning - Collision Hazard	1
37141	Notice - Manual Lowering Instructions	1
37142	Notice - Operating Instructions	1
37143	Notice - Max Capacity 300 lbs / 136 kg AWP-40S	1
37144	Notice - Max Capacity 350 lbs / 159 kg AWP-20S, 25S, 30S, 36S	1


Part No.	Description	Quantity
37145	Label - Manual Lowering Valve	1
38122	Label - Manual Storage Container	1
38142	Label - Circuit Breaker, AC models	1
40434	Label - Lanyard Anchorage Point	1
41266	Label - Interlock Display, Air Models, Standard Base	1
41268	Label - Interlock Display, Air Models, Narrow Base and Rough Terrain Base	1
52996	Cosmetic - Genie Logo	1
52999	Cosmetic - AWP-20S	2
62992	Cosmetic - AWP-25S	2
62993	Cosmetic - AWP-30S	2
62994	Cosmetic - AWP-36S	2
62995	Cosmetic - AWP-40S	2
72086	Label - Lifting Eye	1
82366	Label - Chevron Rando	1
82780	Label - Interlock Display	1
82781	Label - Interlock Display	1
82802	Label - Function Enable	1
82907	Danger - Battery Charger Safety	1
82975	Danger - Collision Hazard	1
82986	Danger - Electrocution Hazard	1
97522	Label - Wheel Load	4
97523	Label - Outrigger Load	4
114008	Notice - Max Side Force 50 lbs / 222 N, ANSI/CSA	1
114009	Notice - Max Manual Force 45 lbs / 200 N, AUS	1
114011	Danger - General Safety	1

LÍMMIÐAR




Note: Platform decals may be in different locations on optional fiberglass basket.

Models with Tilt-back Frame



Models without Tilt-back Frame




LÍMMIÐAR

Skoðun á límmiðum með táknum á

Kannið hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Beitið viðeigandi skoðun til að tryggja að allar merkingar séu læsilegar og til staðar.

Hlutanr.	Lýsing	Magn
28174	Merking - Spenna að palli, 230 V	2
28235	Merking - Spenna að palli, 115 V	2
40434	Merkimiði - Festipunktur dragreipis	1
52996	Fegrandi - Myndmerki Genie	1
52999	Fegrandi - AWP-20S	2
62992	Fegrandi - AWP-25S	2
62993	Fegrandi - AWP-30S	2
62994	Fegrandi - AWP-36S	2
62995	Fegrandi - AWP-40S	2
82481	Hætta - Öryggi hleðslutækis rafgeymis	1
82487	Merking - Lesið handbókina	1
82614	Varúð - Árekstrarhætta	1
82780	Merkimiði - Samlæsingarskjár	1
82781	Merkimiði - Samlæsingarskjár	1
82802	Merkimiði - Virkja aðgerð	1
82913	Hætta - Hám.geta 159 kg AWP-20S, 25S, 30S, 36S	1
82914	Hætta - Hám.geta 136 kg AWP-40S	1
82915	Merkimiði - Handvirkur lækkunarloki	1
82916	Hætta - Hámarks handvirkur kraftur 200 N, CE	1
82973	Advörun - Setjið pinnann í	1
82974	Advörun - Árekstrarhætta	1
82976	Hætta - Vindhraði, 51 cm stoðfótur	4
82977	Hætta - Vindhraði, 66 cm stoðfótur	4
82978	Hætta - Vindhraði, 77 cm stoðfótur	4
82979	Hætta - Vindhraði, 91 cm stoðfótur	4
82980	Hætta - Vindhraði, 1,02 m stoðfótur	4
82984	Hætta - Vindhraði, 2,16 m stoðfótur	4
82987	Hætta - Hætta á raflosti	1
82988	Merkimiði - Lesið handbókina, hallagrind	1
97522	Merkimiði - Álag á hjól	4
97523	Merkimiði - Álag á stoðfót	4
97815	Merking - Lækka miðtein	1
114010	Hætta - Hámarks hliðarkraftur 222 N, ANSI	1
1257853	Hætta - Vindhraði, 1,91 m stoðfótur	4
1257854	Hætta - Vindhraði, 1,52 m stoðfótur	4
1260610	Hætta - Vindhraði, 1,17 m stoðfótur	4


LÍMMIÐAR




Athugið: Límmiðar á palli kunna að vera staðsettir annars staðar á valkvæðu trefjaglerskörfunni.

* 82976 eða 82977 eða 82978 eða 82979 eða 82980 eða 1260610 eða 1257854 eða 1257853 eða 82984

Gerðir með hallagrind



Gerðir án hallagrindar



Tæknilýsing

Tæknilýsing vélar	
Hæð, hámark fyrir vinnu	
AWP-20S	8,0 m
AWP-25S	9,4 m
AWP-30S	10,8 m
AWP-36S	12,9 m
AWP-40S	4,1 m
Hæð, hámark fyrir pall	
AWP-20S	6,1 m
AWP-25S	7,6 m
AWP-30S	9,0 m
AWP-36S	11,1 m
AWP-40S	12,3 m
Hæð, geymd	
AWP-20S, 25S, 30S	2,0 m
AWP-36S, 40S	2,8 m
Breidd	
Stöðluð undirstaða	73,6 cm
Mjó undirstaða	55,8 cm
Undirstaða fyrir ójafnt undirlag	75 cm
Lengd, AWP-20S, 25S, 30S	
Stöðluð undirstaða	1,2 m
Mjó undirstaða	75 cm
Undirstaða fyrir ójafnt undirlag	1,5 m
Lengd, AWP-36S, 40S	
Stöðluð undirstaða	1,4 m
Þyngd	Sjá raðnúmeramerkimiða
Álag á hjól, að hámarki	231 kg
Álag á stoðfót, að hámarki	181 kg

Lyftigeta	
AWP-20S, 25S, 30S, 36S	159 kg
AWP-40S	136 kg
Aflgjafi	
Jafnstraumsgerð	12 V
Riðstraumsgerð	110V eða 220 V
Loftmótor	6,9 bar @ 37760 cc/sek
Umhverfishiti við notkun hiti	-29°C til 57°C

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.

Mál palls (lengd x breidd x hæð)	
Staðlaður pallur to.hlið eða miðteinn sem rennur til	69 cm x 66 cm x 1,1 m
Sérlega mjór pallur með hliði	56 cm x 46 cm x 1,1 m
Mjór pallur með hliði	66 cm x 51 cm x 1,1 m
Staðlaður pallur úr trefjagleri	74 cm x 67 cm x 1,1 cm
Mjór pallur úr trefjagleri	66 cm x 56 cm x 1,1 m
Mjór pallur með inngangshliði að framan	51cm x 66 cm x 1,1 m
Sérstaklega stór inngangur að framan og á hlið pallur	76 cm x 71 cm x 1,1 m

Það er stefna Genie að bæta stöðugt framleiðsluvörur okkar. Vörulýsing getur breyst án fyrirvara eða skuldbindinga.

Tæknilýsing stoðfóta Stöðluð undirstaða	AWP-20S	AWP-25S	AWP-30S
Gripflötur stoðfótar (l x b) ANSI/CSA	1,5 x 1,3 m	1,5 x 1,3 m	1,8 x 1,6 m
Gripflötur stoðfótar (l x w) CE/AUS Innandyra	1,5 x 1,3 m	1,8 x 1,6 m	1,9 x 1,7 m
Gripflötur stoðfótar (l x b) CE/AUS Utandyra	2,1 x 1,9 m	2,3 x 2,1 m	3,0 x 2,8 m
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* ANSI/CSA	36,9/7,4 cm	35,1/7,4 cm	46,6/11,9 cm
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* CE/AUS Innandyra	36,9/7,4 cm	48,6/18,2 cm	56,5/20,3 cm
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* CE/AUS Utandyra	76/42,4 cm	82,5/43,4 cm	1,3 m/73 cm

* Horn efsta teins palls að vegghorni og hægt að snúa hæðartjakk.

Tæknilýsing stoðfóta Stöðluð undirstaða	AWP-36S	AWP-40S
Gripflötur stoðfótar (l x w) ANSI/CSA	2,1 x 1,9 m	2,3 x 2,0 m
Gripflötur stoðfótar (l x w) CE/AUS Innandyra	2,1 x 1,9 m	2,3 x 2,0 m
Gripflötur stoðfótar (l x w) CE/AUS Utandyra	3,5 x 3,3 m	3,9 x 3,7 m
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* ANSI/CSA	72,7/36,2 cm	79,4/37,1 cm
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* CE/AUS Innandyra	72,7/36,2 cm	79,4/37,1 cm
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* CE/AUS Utandyra	1,3 m/79,3 cm	1,3 m/73 cm

* Horn efsta teins palls að vegghorni og hægt að snúa hæðartjakk.

TÆKNILÝSING

Tæknilýsing stoðfóta **Mjó undirstaða/Undirstaða fyrir ójafnt undirlag**	**AWP-20S**	**AWP-25S**	**AWP-30S**
Gripflötur stoðfótar (l x b) ANSI/CSA	1,6 x 1,2 m	1,6 x 1,2 m	1,8 x 1,5 m
Gripflötur stoðfótar (l x b) CE/AUS Aðeins til notkunar innandyra	1,8 x 1,5 m	1,8 x 1,5 m	1,9 x 1,6 m
CE/AUS vélar með mjórri undirstöðu eða undirstöðu fyrir ójafnt undirlag eru eingöngu til notkunar innanhúss, jafnvel með lengri stoðfótum.			
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* ANSI/CSA	36,2/21,6 cm	33/15,2 cm	47/18,4 cm
Hornaðgangur/veggjaaðgangur* CE/AUS Innandyra	53,3/31,1 cm	49,5/24,7cm	55,8/22,8 cm

* Horn efsta teins palls að vegghorni og hægt að snúa hæðartjakk.